

12. febr. **9** Nú notar ríkisstjórnin heimild þá, sem henni er veitt í lögum þessum, og taka þá bannfyrirmæli hennar til allra upplýsinga um burtför skips úr höfn, um ferð þess frá einnig höfn til annarar, um það hvar skipið er satt á hverjum tíma, um ákvörðunarstað þess og komu í höfn í ferð eða að lokinni ferð, svo og til allra upplýsinga um farm skips og farþega.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera allar þær ráðstafanir, sem henni þykir þurfa, til þess að bannfyrirmæli þau, sem um ræðir í 1. gr., komi að haldi, þar á meðal að láta stöðva símskeyti um ferðir skipa, ef þurfa þykir.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að 10000 krónum eða fangelsi allt að einu ári, nema þyngri hegning liggji við samkvæmt öðrum lögum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Ólafur Thors.

10

L Ö G

12. febr.

um breyting á lögum nr. 7 11. marz 1930, um Útvegsbanka Íslands h/f og um Íslandsbanka.

Vér **Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

1. mgr. 6. gr. laga nr. 7 11. marz 1930, um Útvegsbanka Íslands h/f og um Íslandsbanka, hljóði svo:

Aðalfundur hlutafélagsins kys fimm manna fulltrúaráð með hlutfallskosningu og fimm til vara á sama hátt, en fulltrúaráðið ræður bankastjóra, ákveður tölu þeirra, laun og ráðningarkjör.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.